



Reykjavíkurborg

skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Reykjavík, 3. september 2018
R18090006

Borgarráð

Framkvæmdir Reykjavíkurborgar í tengslum við uppbyggingu á lóð Landsspítala við Hringbraut.

Lagður er fyrir borgarráð samningur Reykjavíkurborgar og NLSH ohf. vegna framkvæmda við útboðsverkið „Nýr Landspítali við Hringbraut. Jarðvinna, veitur – Áfangi 1.“

Lagt er til að borgarráð samþykki samninginn.

Innifalið í ofangreindu útboðsverki NLSH ohf eru eftirfarandi verkþættir utan lóðar Landspítala sem Reykjavíkurborg ber kostnað af: Gerð undirganga og stoðveggja við Snorrabraut auk gerð göngu- og hjólastíga við Hringbraut og að Bústaðavegi. Áætlaður kostnaður Reykjavíkurborgar vegna þessara verkþátta er 263 mkr. auk kostnaðar við hönnun, umsjón og eftirlit. Endanlegur framkvæmdakostnaður verður gerður upp skv. raunkostnaði og á grundvelli einingaverða verktaka.

Í gildandi 5 ára áætlun er gert ráð fyrir 250 mkr. til framkvæmda Reykjavíkurborgar í tengslum við uppbyggingu á lóð Landspítala við Hringbraut.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Samningur Reykjavíkurborgar og NLSH ohf.

Minnisblað SPITAL (Fylgiskjal A með samningi) dags. 23.08.2018

NLSH ohf. kt. 500810-0410 annars vegar og Reykjavíkurborg kt. 530269-7609 hins vegar gera með sér svohljóðandi

Samning

Vegna framkvæmda við útboðsverkið Nýr Landspítali við Hringbraut. Jarðvinna veitur – Áfangi 1.

Fyrsta grein

Samningur þessi fjallar um kostnaðarskiptingu á milli aðila um samstarfsverkefnið “Jarðvinna og veitur – Áfangi 1, þar sem innifalið er í verkinu gerð undirganga fyrir Reykjavíkurborg ásamt aðliggjandi stoðveggjum og stígakerfi. Nánari skilgreingar á hlut Reykjavíkurborgar í verkinu koma fram í fylgiskjali A með samningi þessum.

Önnur grein

Kostnaðarskipting byggir á útreikningum ráðgjafa við framkvæmd verksins sem SPITAL gaf út í minnisblaði dags. 29.5.2018, sbr. fylgiskjal A.

Í útboðslýsingu er tilgreint það efni sem verkkaupi leggur til sérstaklega. Sá aðili, sem leggur efnið til ber kostnaðinn, þegar um efni er að ræða sem nýtist honum einum.

Óski annarhvor aðil verksins eftir viðbótarverki, sem tengist hinum ekki, greiðir hann þann kostnað, sem af því hlýst.

Þriðja grein

NLSH ohf býður verkið út og mun hafa með því umsjón og eftirlit og vera í forsvari. Eftirlitið verður aðkeypt. Öll samskipti, þar með talið við ráðgjafa verktaka, veitustofnanir og aðra hagsmunaaðila á svæðinu s.s. LSH og HÍ, er á hendi NLSH ohf.

Fjórdá grein

Á framkvæmdatíma, sem áætlaður er frá júlí 2018 til mars 2020, mun NLSH ohf greiða verktakareikninga og síðan senda reikning á Reykjavíkurborg samkvæmt framvindureikningum verktaka. Hlutfallsleg skipting reikninga verður gerð á grundvelli einingaverða verktaka en skv. kostnaðaráætlunum er hún áætluð eftirfarandi:

	Heild (millj. kr)	NLSH ohf. og aðrir (millj. kr)	Reykjavíkurborg (millj. kr)
Áætlaður verktakakostnaður	3.825	3.562	263
Hlutfall		93,14%	6,86%

Allur kostnaður verksins skal skiptast milli aðila í þessum hlutföllum þar með talinn kostnaður vegna eftirlits og þjónustu ráðgjafa á verkinu.

Kostnaður vegna hönnunar fyrir hlut Reykjavíkurborgar, sem metinn er 26,3 millj. kr. skv. fylgiskjali A, greiðir Reykjavíkurborg sérstaklega samkvæmt reikningi til NLSH ohf. skv. uppgjöri og tímaskýrslum ráðgjafa.

Fimmta grein

Umsjónarmaður NLSH ohf verður Ásbjörn Jónsson og tengiliður Reykjavíkurborgar vegna þessara framkvæmda verður Þór Gunnarsson. Hvor aðili ber kostnað af eigin starfsmönnum sem vinna við stjórn og eftirlit verksins. Verkefnastjóri aðalráðgjafa í þessu útboðsverki er Guðmundur Guðnason, EFLU verkfræðistofu (Spítal-Hópnum).

Sjötta grein

Af samingi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, eitt handa hvorum aðila.

Reykjavík XX/YY 20XX

fh. NLSH ohf

fh. Reykjavíkurborgar

Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift:

MINNISBLAÐ

NÝTT HÁSKÓLASJÚKRAHÚS við Hringbraut

Varðar: Götur, veitur og lóð (GVL) – Áætlun á kostnaði Reykjavíkurborgar vegna undirganga upp við Snorrabraut ásamt göngu og hjólastígs niður við Hringbraut og fl.

Dagsett: 23.8.2018

Skrifað: Guðmundur Guðnason

Dreifing: NLSH og Reykjavíkurborg

Gerð hefur verið áætlun fyrir kostnaði Reykjavíkurborgar í útboðinu „Nýr Landspítali við Hringbraut. Jarðvinna og veitur – Áfangi 1“. Um er að ræða kostnað vegna undirganga undir Neðri götu upp við Snorrabraut, gerð göngu- og hjólastígs niður að Hringbraut og upp að Bústaðavegi, gerð stoðveggja við stíg og undirgöng, gerð Neðri götu utan lóðarmarka spítalans (Gamla Hringbraut) og frágangi svæðis. Mynd 1 sýnir umrætt svæði litað bláum lit þar sem reiknað er með að Reykjavíkurborg beri 100% af framkvæmdakostnaði. Þá ber Reykjavíkurborg 50% af kostnaði við stoðveggi á svæði sem er litað grænt á myndinni, þar sem þeir eru tilkomnir vegna viðbótarakreinar fyrir almenningssamgögnur.



Mynd 1. Svæði sem Reykjavíkurborg ber kostnað af er markað með bláum og grænum lit.

Í töflu 1 hér að neðan er sýnd áfangaskipting framkvæmdar í þessu útboðsverki. Áætlað er að göngustígur 1 upp að undirgöngum og göngustígur 3 verði unnir að megninu til í áfanga 1, og þeir þá komnir í notkun í lok nóvember 2018. Síðan verður unnið við gerð undirganga og stoðveggja í þriðja áfanga, og sá hluti komi í notkun í lok júlí 2019.

Tafla 1. Framkvæmdaáfangar

Ár	2018												2019												2020		
	5	6	7	8	9	10	11	12	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	1	2	3				
Jarðvinna og veitur - Áfangi 1																											
Framkv. áfangar																											
1. áfangi																											
2. áfangi																											
3. áfangi																											
4. áfangi																											
MFK - Jarðvinna																											

Framkvæmdakostnaður við útboðsverkið er áætlaður um 3.825 millj. kr. með vsk. Í þessum kostnaði er innifalið jarðvinna fyrir meðferðarkjarnann og efni sem verkkaupi leggur til. Þetta er án kostnaðar við hönnun, eftirlit, umsjón verkkaupa og ófyrirséðan kostnað. Samsvarandi áætlaður kostnaður Reykjavíkurborgar vegna framkvæmda á því svæði sem markað er á mynd 1 er um 263 millj. kr. með vsk. Sundurliðun á þessum kostnaði er kemur fram í töflu 2 hér að neðan.

Tafla 2. Skipting á áætluðum framkvæmdakostnaði Reykjavíkurborgar miðað við svæði á mynd 1.

Kostnaðaráætlun	(kr. m.vsk)
Aðstaða og jarðvinna	47.200.000
Burðarvirki (100% blátt svæði)	130.800.000
Burðarvirki (50% grænt svæði)	21.500.000
Lagnir	3.100.000
Raíkerfi	7.900.000
Frágangur yfirborðs	52.500.000
Samtals	263.000.000

Kostnaður við aðstöðu og rekstur vinnusvæðis, umhverfis- og öryggismál og merkingar er fundinn með því að taka hlutfall framkvæmdakostnaðar við heildar útboðsverkið.

Kostnaður við hönnun, gerð útboðsgagna og umsjón á hönnunartíma er metinn 10% af framkvæmdakostnaði fyrir verkþættina í töflu 1, sem er þá um 26,3 millj. kr. m. vsk.

Endanlegur framkvæmdakostnaður verður gerður upp á grundvelli einingaverða verktaka.